Cookery class 1913-1914. The well-equipped kitchen has gaslight and a gas cooker. Enamelled vessels had largely superseded wood and clay.

fyrir þörfum landsins en hin danska og frumkvæðisríkari í hinum brýnu framfaramálum þess.

Til að njóta hagþróunar hins iðnvædda heims þurfti greiðar samgöngur. Fjarlægð Íslands frá viðskiptalöndum sínum, og torfærurnar í stóru og strjálbýlu landi, gerðu Íslendingum torvelt að njóta sams konar framfara og þeir sáu fyrir sér í þéttbýlli löndum þar sem járnbraut eða skipaskurður gat gjörbreytt hag heilla héraða.

Stórhuga menn og framfarasinnaðir lögðu áherslu á samgöngubætur, t.d. Valtýr Guðmundsson sem nefndi málgagn sitt Eimreiðina. Fjárveitingarvald Alþingis var notað til að kosta vegagerð og brúarsmíði, styrkja áætlunarsiglingar milli landa og með ströndum fram, reisa vita og veita styrki til hafnarframkvæmda. Helst vildu menn járnbrautir líka ef til þeirra fengist erlent áhættufé.



Þjóðmenning - menningarþjóð

Íslendingar landshöfðingjatímans stóðu á traustum grunni gamallar bændamenningar og kristinna mennta. Fólki var innrætt ábyrgð og kappsemi við vinnu og virðing fyrir bóklegrri menntun. Þótt fæstir nyttu neinnar skólagöngu lærðu börn a.m.k. að lesa og glímdu árum saman við kristindómsfræðsluna fyrir fermingu. Á heimilum var lesefni haft um hönd til skemmtunar og fróðleiks, bæði kristlegt og veraldlegt. Ljódlist var í sérstökum hávegum höfð og þjóðskáldin voru áhrifamestu boðberar viðhorfa og gilda, ekki síst þjóðerniskenndarinnar.

Íslendingar nutu þess að grannþjóðirnar viðurkenndu þá sem vest-ræna menningarþjóð. Fornmenning þeirra og umfram allt fornbókmenntir nutu viðurkenningar erlendis. Þjóðtunga þeirra var þroskað ritmál í beinum tengslum við hið fræga formál. Þótt lítið hefði orðið úr sjálfstæði Íslands í tíð einveldis og einokunar, þá hafði það alltaf verið sérstakt land með sín eigin lög. Stórbrotin náttúra landsins var líka farin að vekja aðdáun erlendra gesta og ýta undir þjóðarstolt landsmanna. Þeir gátu óhikað, þótt fáir væru, talið sig þjóð meðal þjóða. Herrarþjóðinni Dönnum þótti vegsauki að sambandinu við Ísland og vildu gera vel við þessa sögufrægu hjalendu sína en þeim gat sviðið sárt hvað Íslendingar voru ófúsir að samsama sig danskri þjóðarvitund. Sjálfstæðisbarátta Íslendinga var ekki háð með vopn í hönd. Í eitt einasta skipti, fyrir þjóðfundinn 1851, þótti Dönnum tryggara að senda til landsins nokkra hermenn; það þurfti ekki að endurtaka. Það sem Íslendingar beittu fyrir sig var málf lutningur: óskir, kröfur,



Atvinna. Settar voru á fót vefnaðar- og tóvinnustofur til að vinna úr innlendri ullarframleiðslu. Allar stærri vélarnar voru gufuknúnar. Myndin er tekin árið 1910 í Álafossi. Við iðnvæðinguna sköpuðust ný atvinnutekifæri fyrir konur sem börðust útalar fyrir réttindum sínum. (Þjms. AJ1 439)

Erbveru. Der blev etableret væve- og spindestuer, som kunne bearbejde den indenlandske uld. Alle de større maskiner var dampdrevne. Billedet er taget i 1910 i Álafoss. Ved industrialiseringen blev der skabt nye jobmuligheder for kvinderne, der kæmpede ihærdigt for deres rettigheder.

Employment. Textile workshops were founded for woollens manufacture. Most machinery was steam-powered. The photograph is from the Álafoss plant, 1910. Industrialisation created new opportunities for women, who were campaigning for civil rights.

Völundur. Fjörutíu reykviskir trésmiðir sameinuðust um stofnun Trésmiðjunnar Völundar, sem tók til starfa árið 1905. Vélarnar gengu fyrir gufuafl og geta verkstæðisins var margföld á við litlu verkstæðin. (Ljms. MAÓ 315)

Völundur Fyrre tómrere frá Reykjavík gik saman om at grundlegge tømrervirksomheden Völundur, der startede i 1905. Maskinerne var dampdrevne og værkstedet havde mangedobbelt kapacitet i forhold til de små værksteder.

Völundur. The Völundur carpentry factory, founded in 1905 by 40 carpenters in Reykjavík, introduced steam-powered tools which vastly increased productivity.



útskýringar; áróður inn á við til að samræma málstað sinn; áróður út á við til að halda málstaðnum að Dönum.

Heimastjórnartíminn

Íslendingar bjuggu við heimastjórn frá 1. febrúar 1904 til 1. desember 1918. Á undan fór landshöfðingjatíminn frá 1874; við tók tímabil fullveldisins til 1944. Þótt heimastjórnartíminn sé ekki nema tæp 15 ár er hann viðburðaríkt skeið í sögu Íslands, hvort sem lítið er á stjórnarmál, atvinnuvegi, þjóðmenningu eða daglegt líf.

Overbefolkning var et problem i de landlige regioner, og i de sidste årtier af det 19. århundrede emigrerede mange islendinge til den Nye verden - de fleste af dem til Canada. Næsten hver femte islending sejlede til mulighedernes land.

Íslendingene arbejdede for politiske rettigheder, og ikke mindre energisk for økonomisk udvikling og nye muligheder. Islandske ledere fokuserede på en forbedring af samfærdslen, både med omverdenen og i Island: De prioriterede bygning af veje, broer og havne, og en sikring af regelmæssig skibsfart til og fra landet. De forestillede sig endda islandske jernbaner - som aldrig blev til noget!

Kultur og national bevidsthed

I islandsk kultur værdsættes de protestantiske værdier og hårdt arbejde højt, men også landets ældgamle litterære traditioner. Mens få islendinge gik i nogen skole, krævedes det, at alle lærte at læse for at kunne blive konfirmeret, og mange lærte også at skrive. Læsestof, både gudeligt og verdsligt, fandtes i alle hjem, og digterne blev især respekteret.

Island var kendt i udlandet for landets litterære traditioner, især sagalitteraturen, der fortalte om de „Gyldne tider“ i den gamle fristat (930-1262), og islendingene var stolte af deres særlige status i den europæiske litterære kultur.

Over-population was a problem in rural regions, and in the last decades of the 19th century many Icelanders emigrated to the New World - most of them to Canada. Nearly one in five Icelanders sailed for the land of opportunity.

The Icelanders campaigned for political rights, but no less urgently for economic development and new opportunities. Icelandic leaders focussed on improving communications, both with the outside world and within Iceland: they placed priority on building roads, bridges and harbours, and ensuring regular shipping services to and from the country. They even envisaged Icelandic railways - which were never to become a reality!

Culture and national consciousness

Icelandic culture prized the Protestant values of religion and hard work, but also the age-old literary traditions of the country. While few Icelanders attended any school, all were required to learn to read in order to be confirmed into the church, and many also learned to write. Reading matter, both devotional and secular, was found in every home, and poets were especially respected.

Iceland was known abroad for its literary traditions, especially the saga literature that told of the „Golden Age“ of the Old Commonwealth (930-1262), and the Icelanders took pride in their special status in European literary culture.

Sjálfstjórnartíminn 1904 eignuðust Íslendingar í fyrsta sinn togara, reistu fyrstu vatnsknúnu rafstöðina og prófuðu fyrsta bílinn. Þá tók Íslandsbanki líka til starfa, stofnaður fyrir erlent hlutafé, sem var langöflugasta peningastofnun heimastjórnartímans.

Vélaraflið, sem áður kom lítið við sögu Íslendinga nema gufuvélar flutningaskipanna, olli nú skjóttum umskiptum í sjávarútvegi landsins. Á fyrstu árum heimastjórnarinnar fjölgaði vélbátum víða um land, yfirleitt opnum trillum. Brátt fór togaraflotinn líka að vaxa óðfluga, einkum í Reykjavík.

Botnvörpungurinn Jón forseti. Fyrstu togarnir komu til landsins á árunum 1904-1907. Þeir gjörbreyttu möguleikum til fiskveiða sem jukust mjög á heimastjórnartímanum. Talið er að árið 1917 hafi 20% Reykvíkinga hafi framferi af togaraútgærd. (Ljms. MAÓ 1406)

Trawleren Jón forseti. De første trawlere kom til Island i årene 1904-1907. De ændrede fuldstændig mulighederne for fiskeri, og det blev øget kraftigt i hjemmestyretiden. Det menes at 20% af Reykjavíks indbyggere i 1917 har været beskæftiget ved trawlerrederier.

Trawler Jón forseti („President Jón,” a tribute to independence campaigner Jón Sigurðsson). Trawlers, which were introduced in 1904-1907, revolutionised the fisheries. By 1917 about 20% of the Reykjavík population had their livelihood, directly or indirectly, from the trawler fishery.



Íslendinge sá sig selv som en nation, med egen enestående kultur, selvom deres danske overherrer ikke så let lod sig overtale til at være enige. Men kampen for selvstændighed blev aldrig til væbnet kamp: Íslendinge førte pennen, og ikke sværdet og debatterede sig langsomt men sikkert frem til national suverenitet.

Hjemmestyre 1904-1918

Hjemmestyre-perioden, fra 1904 til 1918, var en begivenhedsrig tid i politisk, kulturel og økonomisk henseende. Island oplevede intet mindre

The Icelanders saw themselves as a nation, with its own unique culture, although their Danish rulers were not easily persuaded to agree. But the campaign for independence was never an armed struggle: the Icelanders wielded the pen, and not the sword, and argued their way, slowly but surely, to national sovereignty.

Home Rule 1904-1918

The Home Rule period, from 1904 to 1918, was an eventful time in political, cultural and economic terms. Iceland experienced nothing less

Stórkostleg upplýsingabylting fólst í sæstreng fyrir ritsíma sem lagður var til landsins 1906. Það hafði verið fyrsta stórmálið sem beið afgreiðslu Hannesar Hafstein að semja um lagningu sæsímans og um leið landsíma yfir Ísland sem tengdi héruð landsins bæði með skeyta- og talsambandi en talsímastöð var áður komin í Reykjavík. Þótt Íslendingar væru einhuga um nauðsyn skeyta-sambands orkaði aðferðin tvímælis: hvort loftskeyti gætu dugað í stað sæsíma; hvort rétt væri að semja við danskt ritsímafélag o.s.frv. Um þetta urðu hörðustu stjórnmaladeilur ársins 1905, fyrstu dæmigerðu átökin milli stjórnar og stjórnarandstöðu.

Ný tækni sagði til sín á fleiri sviðum: rafmagn til ljósa, gufu- og mótorknúnar iðnaðarvélar. Það var þó aðeins á sjó sem vélarflíð var notað í stórum stíl. Á landi munaði meira um vaxandi notkun hesta til að draga vagna, plóga og önnur tæki. Vegir og brýr voru nú fyrst gerð fyrir vagna en ekki aðeins flutninga á hestbaki. Bílar voru prófaðir á Íslandi allt frá 1904 en 1918 var notkun þeirra enn á byrjunarstigi. Og járnbrautadraumarnir rættust aldrei, að frátalinni stuttri flutningabraut í Reykjavík.

Gróandi þjóðlíf

Íslenskt mannlíf heimastjórnartímans varð fjölskrúðugra en fyrr. Þéttbýlis gætti meira, sérhæfing jókst í störfum, þjóðin hafði úr meiru að spila og gat fleira veitt sér að hætti umheimsins. Reykjavík fékk ekki aðeins aukið hlutverk sem höfuðstaður heldur

Kennaraskóli. Áhersla var lögð á aukna menntun barna og unglinga. Árið 1904 voru 37 farskólar starfræktir í landinu og um 300 ferkennarar kenndu á um 780 stöðum. Kennaraskólinn var stofnaður 1908. Árið 1920 var þriðjungur kennara á landinu kennaramenntaðir. Um þriðjungur þeirra var konur. (Ljms. MAÓ 147)

Lærerseminarium. Der blev lagt vægt på øget skolegang for børn og unge. I 1904 blev der drevet 37 vandreskoler i landet og omkring 300 rejselere underviste på 780 steder. Lærerseminariet blev grundlagt i 1908. I 1920 var en tredjedel af lærerne i landet læreruddannede. Ca. en tredjedel af dem var kvinder.

Teacher training. Priority was given to improving education. In 1904 Iceland had 37 peripatetic schools and 300 peripatetic teachers, who travelled around to teach in 780 locations. A teacher training college was founded in 1908. In 1920 about one-third of Iceland's teachers were qualified as such, and one-third were women.



varð hún líka miðstöð verslunar þar sem heilðsölur störfuðu - ritsíminn gerði mögulegt að reka millilandaverslun frá Íslandi - og stórhuga hafnargerð auðveldaði umskipun inn- og útflutningsvara. Reykjavík varð háskólabær Íslands og tilþrifamesti vaxtarbroddur atvinnulífsins, togaraútgærdin, dafnaði best þar. Vélbátar urðu hins vegar undirstaða þéttbýlismyndunar víða um land: Þótt Reykjavík yrði langfjölmennasta byggðarlag landsins og þéttbýli færi vaxandi í öllum landshlutum, þá náði höfuðstaðurinn ekki fimmtungi, og samanlagt þéttbýlið ekki helmingi, af íbúafjölda landsins á heimastjórnartíma. Enn var sveitabyggðin fjölmennust,

Reykjavíkurbífi. Umferð vélbáta, togara og stórna hafskipa um Reykjavíkurbífi jókst mjög. Eimskipafélag Íslands var stofnað 1914 og fyrsta skip félagsins, Gullfoss, kom til hafnar 1915. (Ljms. MAÓ 2313)

Reykjavík havn. Antallet af motorbåde, trawlere og store oceangående skibe steg kraftigt i Reykjavík havn. Eimskipafélag Íslands (Islands Dampskibsselskab) blev stiftet i 1914 og selskabets første skib, Gullfoss, kom i havn i 1915.

Reykjavík Harbour. Growing numbers of motor-powered boats, trawlers and large ocean-going vessels called at Reykjavík's new harbour. Eimskipafélag Íslands (the Iceland Steamship Company) was founded in 1914; its first ship, the Gullfoss, went into service in 1915.



end en teknologisk revolution: I 1904 kom Íslands første trawler, den første automobil, og det første vandkraftværk. Íslandsbanki blev stiftet det år, og det åbnede nye muligheder for investering og udvikling. Fiskeriflåden blev hurtigt motoriseret, og der blev føjet mange trawlere til flåden. I 1906 blev der etableret telegrafforbindelse til omverdenen, og

than a technological revolution: the year 1904 saw Iceland's first trawler, its first motor car, and its first hydro-electric plant. Íslandsbanki (the Bank of Iceland) was founded that year, opening up new opportunities for investment and development. The fishing fleet was rapidly motorised, and many trawlers were added to the fleet. In 1906, telegraph

Ný hús. Til sveita reis ný húsagerð í stað torfbæjanna og bændur tæknivæddu búskapinn eins og kostur var, með nýjum jarðvinnslutækjum. Aktygi voru notuð á hross til að draga kerrur, sleða, plóga, herfi og hevinnutæki. Enn var þó notað gamla lagið við að rifja með hrifum eins og hér er gert. Myndin er tekin 1910-1920. (Ljms. MAÓ 2348)

Nye huse. På landet blev der bygget en ny type huse i stedet for torvegårdene, og bønderne mekaniserede landbruget i det omfang det var muligt, med nye jordbearbejdningsmaskiner. Der blev lagt seletøj på hestene så de kunne trække vogne, slæder, plove, harver og bomaskiner. Man brugte dog den gammeldags metode med river, når høet skulle samles, som det ses her. Billedet er taget 1910-1920.

New houses. Farmers built modern houses and introduced new technology on their farms, such as horse-drawn ploughs, tedders, etc. The hand-rake was still, however, used at haymaking. Photograph from 1910-1920.



sveitameningin í miklum metum; og áhrifamenn landsins, langflestir aldir upp í sveit, einhuga um að framfarir í sveitum væru lykkillinn að farsælli framtíð Íslands.

Reynt var að þoka áleiðis mannúðar- og velferðarmálum. Geðveikrahælið á Kleppi var fyrsta sjúkrahúsið sem reist var að frumkvæði þings og stjórnar. Atvinnufrelsi var aukið og réttur fátæklinga bættur.

Nýjar félagshreyfingar settu svip á tímabilið. Verkalyðshreyfing festi rætur. Bindindishreyfingin fékk því áorkað að Ísland varð eitt þeirra landa sem gerðu tilraun með algert áfengisbann; það var samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu 1908 og tók gildi að fullu 1915. Ungmennafélögin áttu ríkan þátt í þjóðernisvakningu tímabilsins og voru um leið hluti af nýkviknaðri íþróttahreyfingu. Sálarrannsóknir (spíritismi) urðu skyndilega sterkur straumur í andlega lífinu.

Íslendingum óx stórhugur og metnaður á menningarsviðinu. Þeir reistu glæsilegt safnahús, stofnuðu háskóla, eignuðust færa og menntaða listamenn á ýmsum sviðum og íslenskir rithöfundar gerðu garðinn frægan erlendis.

Á heimastjórnartíma hófst uppbygging menntakerfis í landinu. Fræðslulögin 1907 tryggðu börnum landsins fjögurra ára ókeypis skólagöngu, í farskóla ef ekki voru tök á öðru. Þeim var fylgt eftir með stofnun kennaraskóla í Reykjavík. Hinum gamla Lærða skóla var 1904 breytt í menntaskóla með nútímalegra námsefni. Og 1911 voru Íslendingar svo stórhuga að stofna eigin háskóla.

Hannes Hafstein ákvað með reglugerð að menntaskólinn nýi yrði

Munir:

Hinir áþreifanlegu munir, af eldri gerðum og yngri, sem heimastjórnartíminn hefur látið eftir sig, sýna best hvernig áferð mannlífsins breyttist. Innflutt tók við af heimagerðu; erlendir fyrirmyndir breyttu innlendri hefð; teknin opnaði nýja möguleika í mynd tóla og tækja.

Effekter:

De håndgribelige effekter, ældre og yngre typer, som hjemmestyretiden har efterladt, viser bedst, hvordan folkes liv ændredes. Det importerede overtog det hjemmelavede; udenlandske forbilleder ændrede den indenlandske tradition; teknologien åbnede nye muligheder i form af instrumenter og apparater.

Items:

Items from the Home Rule period give a clear indication of the changes taking place in society: imported goods replaced the home-made, foreign examples were followed, and technology opened up new opportunities.

Umbúðir. Smjör var selt í belgjum eins og þessum lúðumaga (Þjms. 1977-185). Á þessum tíma hófst vélvædd smjör- og smjörlíkisgerð og var afurðin sett í pappír og járnbauka (Þjms. Á 7257).

Emballage. Smör blev solgt i bølge i stil med denne mave fra belleflynder. På dette tidspunkt startede en mekaniseret smør- og margarineproduktion og varenne blev pakket i papir og metalbeholdere.

Packaging. Butter and other commodities were sold in pouches like this one, made of a fish stomach. When mechanised production of butter and margarine commenced, tins and paper packaging were introduced.



inden længe rådede landet over et telegraf- og telefonnet. Der blev anlagt veje og bygget broer. Reykjavík var ikke alene Islands hovedstad, den var også centrum for handel. Telegrafiveentyret gjorde det nemmere at drive international handel. Med anlæggelsen af den fine havn blev Reykjavík Islands vigtigste havneby, og centrum for trawlerfiskeriet. Et prægtigt Nationalbibliotek (nu Kulturhuset) blev bygget i 1906-1908. Selvom Reykjavík blomstrede, svarede den stadigvæk for mindre end en femtedel af befolkningen, og mere end halvdelen af befolkningen levede stadig på landet. Byudviklingen var i sin barndom.

Selvom den første automobil kom til Island i 1904, var der næppe nogle veje på det tidspunkt. Det var ikke før efter 1918 at bilen begyndte at blive et realistisk transportmiddel i Island. Mekaniseringen havde endnu ikke nået bondegården, hvor hestene stadigvæk var overlegne. De var tidligere blevet brugt som pakyd, men nu trak de vogne, plove og andre landbrugsmaskiner.

Under Hjemmestyret satte forskellige bevægelser deres præg på det islandske samfund: Handelsunionsbevægelsen begyndte at gøre sig gældende, og afholdsbevægelsen havde massiv tilslutning, hvilket førte til Forbudet i 1915. Ungdomsorganisationer sluttede op om en blanding af nationalisme og sundhedskultur.

Uddannelse var en forgangssag. Undervisningsloven fra 1907 sikrede alle

communications were established with the outside world, and before long, the country had a network of telegraph and telephone services. Roads and bridges were built. Reykjavík was not only Iceland's capital, it was also a centre of commerce. The advent of the telegraph facilitated international trade; with the construction of a fine harbour, Reykjavík became Iceland's major port, and the centre of the trawler fishery. A splendid National Library (now the Culture House) was built in 1906-1908. While the town of Reykjavík flourished, it still accounted only for less than one-fifth of the population, and more than half the population still lived on the land. Urban development was in its infancy.

While the first motor car was brought to Iceland in 1904, there were scarcely any roads at that time. It was not until after 1918 that the motor car began to be a realistic form of transport in Iceland. Mechanisation had not yet reached the farm, where horses were still supreme. Previously used primarily as pack animals, now they pulled carts, ploughs and other farm machinery.

During the Home Rule period, various movements made their mark on Icelandic society: the trade-union movement was beginning to make its voice heard, and the temperance movement had a mass following, which led to Prohibition in 1915. Youth associations nurtured a combination of nationalism and health culture.



Póstvagnar. Vörufutningar breyttust á láði og legi. Landsmenn kerruvæddust og lestarferðum fækkaði. Um aldamótin 1900 voru teknar upp póstferðir á vögnum austur fyrir fjall og var þeim haldið úti til 1919. Hér eru póstvagnar árið 1915 að leggja af stað frá Gasstöðinni að Elsumyrri við Rauðará. Gasstöðin tók til starfa 11. júlí 1910. (Ljms. MAÓ 7)

Postvogne. Varettransport ændrede sig til lands og til vands. Indbyggerne begyndte at bruge hestevogne og der blev færre rejser med pakheste. Ved århundredeskiftet 1900 begyndte man at køre posture med vogne til distriktet øst for Hellisheiði og disse ture blev opretholdt indtil 1919. Her ses postvogne i 1915 køre fra Gasværket til Elsumyrri ved Rauðará. Gasværket startede den 11. juli 1910.

Mail wagons. Transport was revolutionised as the cart superseded the pack-horse. Around 1900, wagons were introduced to transport mail across the mountains east of Reykjavík. Mail wagons are seen here in 1915, ready to set off from the gasworks, which had opened on 11 July 1910.

opinn stúlkum jafnt sem piltum. Á stofnári háskólans samþykkti Alþingi frumvarp Hannesar, flutt að undirlagi kvenréttindafrömuðarins Bríetar Bjarnhéðinsdóttur, um fullt jafnrétti kynjanna til skólagöngu og opinberra embætta. Þá höfðu konur nýlega fengið

kosningarétt til sveitarstjórna og 19. júní 1915 var kosningaréttur kvenna til Alþingis bundinn í stjórnarskrá.

Efling menntunar og vakning fyrir rétti kvenna eru einhver dýpstu sporin sem heimastjórnin markaði í samfélagsþróun 20. aldar.



Næturgögn. Emaleraðir koppar (Þjms. 2001-2-5) breiddust hnat út enda var mun þægilegra að þrifa þá en tréköppana (Þjms. Á 7102). Nokkrir komu sér upp vatnusalernum á þessum tíma.

Nattpotter. Emaljerede potter blev hurtigt udbredte, idet det var betydeligt behageligere at rengøre dem end træpotterne. Nogle anskaffede sig vandklosetter i denne tid.

Chamber pots. Enamelled chamber pots were welcomed, as they were far easier to clean than wooden pots. Water closets (flush toilets) began to be installed at this time.

Hljóðferi. Fáir léku á langspil (Þjms. Á 205, Á 206b) á 20. öld en á nokkrum heimilum voru dragspíl, harmoníum og pianó. Líúdraflag Reykjavíkur var stofnað 1876 og lék oft við opinberar athafnir á heimastjórnartímanum. Líúðnar (Þjms. Á 10409) og ýmis önnur blásturshljóðferi urðu vinsel á þessum tíma.

Instrumenter. Få spillede på langspil i det 20. århundrede, men i nogle hjem fandtes der harmonikaer, harmonium og klaver. Reykjavíks blæseorkester blev stiftet i 1876 og spillede ofte ved officielle lejligheder i Hjemmestyretiden. Messinginstrumenter og diverse andre blæseinstrumenter blev populære på det tidspunkt.

Musical instruments. The traditional stringed langspil largely vanished in the early 20th century, and many homes acquired a piano or accordion. Iceland's first band, the Reykjavík Brass Band, was founded in 1876.



Parfasti hjóninn var notaður til að draga kerrur, vagna og sleða í siauknum mæli og fólk lagði á ef það ætlaði að bregða sér af bæ, í reiðtúr eða lengri ferðalög. Myndin er tekin um 1915. (Ljms. MAÓ 841)

Hesten; "menneskets trofaste tjener" blev i stigende grad brugt til at trække vogne og slæder

børn fire års gratis skolegang - i tyndt befolkede områder blev eleverne betjent af vandreskoler og -lærere. Et lærerseminarium blev grundlagt i 1908. I 1904 blev Den lærde skole, der havde uddannet tilkommende præster og jurister, omlagt så den tilbød en bredere moderne uddannelse og blev kaldt Reykjavík gymnasium. Islands universitet blev grundlagt i 1911. Kvinder havde adgang til både gymnasiet og Islands universitet, og i 1915 var islandske kvinder blandt de første i verden til at få stemmeret.

og folk sadlede op når de ville ride en tur eller tage en længere rejse. Billede fra ca. 1915.

Horses: the "most useful servant." While horses were increasingly used to pull carts and carriages, people still commonly travelled on horseback. Photo from around 1915.

Education was a priority. The Education Act of 1907 ensured all children four years' free education - those in sparsely populated rural areas were served by peripatetic schools and teachers. A teacher training college was founded in 1908. In 1904 the Learned School, which had trained prospective clergymen and lawyers, was reorganised to provide a broader modern education and renamed the Reykjavík High School. The University of Iceland was founded in 1911. Both the High School and the University of Iceland were open to female students, and in 1915 Icelandic women were among the first in the world to win the right to vote.

Fram til fullveldis

Heimastjórnin og þau mörgu nýmæli, sem hilltu undir kringum 1904, höfðu eftt þjóðlegt sjálfstraust og bjartsýni á framtíð landsins. Um það ber vitni hve skjótt dró úr flutningi Íslendinga til Norður-Ameríku. Hann stóð enn sem hæst 1903 - þá hafði fimmtungur Íslendinga leitað bjartari framtíðar handan hafisins - en var orðinn óverulegur þrem árum síðar. Nú var Ísland sjálft orðið land tækifæranna og innlent þéttbýli rúmaði þá fólksfjölgun sem ekki fann svigrúm í sveitum.

Heimastjórnin, byggð á stöðulögum Dana frá 1871, fullnægði ekki hugmyndum Íslendinga um rétt sinn til sjálfstjórnar. Hannes Hafstein og Friðrik 8. Danakonungur beittu sér því fyrir samningum þar sem tengsl landanna yrðu endurskoðuð frá grunni. Samninganefnd, skipuð í Íslandsheimsókn konungs 1907, lagði fram tillögu, uppkastið svonefnda, sem Íslendingar tókust á um í alþingis-kosningum 1908. Bæði Hannes Hafstein og Valtýr Guðmundsson studdu uppkastið en áhrifamesti gagnrýnandi þess var Björn Jónsson, ritstjóri Ísafoldar, og tók hann við ráðherraembætti 1909 eftir stórsigur í kosningunum.

Djarft var af Íslendingum að hafna uppkastinu því að meiri sjálfstjórn Íslands kom þá ekki til greina að mati Dana enda voru smáþjóðir yfirleitt ekki sjálfstæðar á þeim árum. En dirfskan kom ekki að sök því að samningsstaða Íslendinga átti brátt eftir að styrkjast.

Samningar landanna voru í sjálfheldu um skeið og setti það svip á

íslensk stjórnsmál með tíðum stjórnarskiptum og klofningi flokka. Heimsstjórnin fyrri 1914-1918 raskaði mörgu í verslun og atvinnulífi Íslendinga. En henni fylgdu ný viðhorf til sjálfstæðisráttunnar. Samningar náðust 1918 um fullveldi Íslands í konungssambandi við Danmörku. Ísland var orðið ríki út af fyrir sig, konungsríkið Ísland, og hafði samningsbundinn rétt til að segja upp sambandinu við Danmörku. Fullveldið 1918 var stærsta formlega skrefið til sjálfstæðis landsins. Því var fylgt eftir 1944 með því að slíta sambandinu við Danmörku og stofna sjálfstætt lýðveldi. Það var gert á Þingvöllum á fæðingardegri Jóns Sigurðssonar 17. júní. Hundrað árum áður bjuggu Íslendingar við einveldi erlends konungs. Nú nutu þeir óskoraðs sjálfstæðis í eigin þjóðríki.

Á hinum skamma tíma heimastjórnar hafði íslenskt þjóðfélag tekið undraskjótum þroska. Takmörkuð sjálfstjórn fullnægði ekki lengi sjálfstrausti og þjóðernismetnaði landsmanna og tímabilinu lauk með sambandslagasamningnum 1918 sem breytti Íslandi í fullvalda ríki í uppsegjanlegum tengslum við Danmörku. Heimastjórnin hafði brúað bilið frá erlendum yfirráðum til fulls sjálfstæðis Íslands.

Helgi Skúli Kjartansson



Straujárn. Fyrir daga rafmagnsins voru fót straujuð með strauboltum (Þjms. 3792) sem í var járnunga sem hituð var í blóðunum og stungið inn í holan boltann.

Rafmagnsstraujárn (Þjms. ónúmerað) voru á allan hátt mun þægilegri í notkun.

Strygejern. Før elektricitetens dage blev tøj stroget med strygejern, der indeholdt et jernindlæg, der blev opvarmet i ilden og stukket ind i det hule strygejern. Elstrygejern var på alle måde mere behagelige i brug.

Irons. Before electricity, flatirons were heated using an iron rod which was heated in the coals on the hearth. Electric irons made ironing far easier.

Fra Hjemmestyre til selvstændighed

Hjemmestyret og de mange nye nye strømme, der fulgte, styrkede islendingenes tiltro og forhåbninger. Inden længe blev emigrationen til Den nye verden indstillet. Islandingerne så deres eget land som mulighedernes land. Selvom Hjemmestyret var blevet hilst velkommen af islendingene, betragtede de det simpelthen som et skridt på vejen til selvstændighed. Danskerne var ikke villige til at overveje yderligere afgivelse af magt, men islendingene nægtede at bakke.

Island var ikke direkte involveret i Første Verdenskrig, men på det tidspunkt, da fredsaftalen blev indgået i 1918, havde stemningen i Europa vendt sig til fordel for små nationers selvstændighed, og Island var en af de mange nye stater, der dukkede op i det nye Europa. Den 1. december 1918 blev Island en suveræn stat, det islandske kongedømme, som kun havde monarken til fælles med Danmark. Seksogfyrre år senere, i 1944, da Anden Verdenskrig rasede i Europa og Danmark var under tysk besættelse, blev den moderne islandske republik grundlagt, hvilket markerede slutningen på syv århundreders fremmed herredømme.

From Home Rule to Sovereignty

Home rule, and the many new developments that followed, boosted the confidence and hopes of the Icelanders. Before long, emigration to the New World ceased. The Icelanders saw their own country as the land of opportunity. Home rule, though welcomed by the Icelanders, was seen by them simply as a stage on the way to independence. The Danes were unwilling to consider any further devolution of power, but the Icelanders refused to back down.

Iceland was not directly involved in World War I, but by the time of the peace settlement in 1918, the climate of opinion in Europe had tilted in favour of the independence of small nations, and Iceland was one of the many new states that emerged in the new Europe. On 1 December 1918 Iceland became a sovereign state, the Kingdom of Iceland, sharing only a monarch with Denmark. Forty-six years later, in 1944, as another war raged in Europe and Denmark was under German occupation, the modern Icelandic republic was founded, marking the end of seven centuries of foreign rule.

Heimastjórn 1904

Sýning í tilefni aldarafmælis heimstjórnar á Íslandi 2004

Hönnun og umsjón: Pótemkin hönnun

Smíðar og uppsetning: Sviðsmyndir

Upplíming og prentun mynda og texta: Merking

Grafísk hönnun: Áslaug Jónsdóttir

Val muna og mynda; skýringartextar: Sigríður Sigurðardóttir

Texti á sýningu og í sýningarskrá: Helgi Skúli Kjartansson

Ráðgjöf: Línuhönnun. Ólafur Th. Ólafsson

Fræðsluvefur, margmiðlun: Skólavefurinn

Ljósahönnun og tölvutækni: Exton Kastljós

Umsjón með sýningarskrá: Jóhanna Bergmann

Þýðing á ensku: Anna Yates og Keneva Kunz

Þýðing á dönsku: Lars H. Andersen

Hönnun sýningarskrár: Fiton

Prentun sýningarskrár: Svansprent

Þjóðmenningarhúsið stendur að sýningunni í samvinnu við

Þjóðminjasafn Íslands.

Eftirtaldir stofnanir lánuðu og gáfu leyfi til að nota skjöl, myndir og muni á sýninguna:

Árbæjarsafn (ABS)

Fjarskiptasafn Landssímans (FjsLand.)

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga (HSk.)

Det Kongelige Bibliotek, København (Kgl.Bibl.)

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn (Lb.)

Ljósmyndasafn Reykjavíkur (Ljms.)

Menntaskólinn á Laugarvatni (ML)

Þjóðskjalasafn Íslands (ÞÍ.)

Þjóðminjasafn Íslands (Þjms.)

Sýning í Þjóðmenningarhúsi 2004

Þjóðmenningarhúsið • Hverfisgötu 15 • 101 Reykjavík • sími 545 1400

www.thjodmenning.is • thjodmenning@thjodmenning.is

Sýningarsalir eru opnir alla daga frá kl. 11 til 17.

ISBN 9979-9637-0-0

